

Vonglaðir vopnaframleiðendur vappa um Kænugarð

Volodymyr Zelensky, rússneski Úkraínumaðurinn af Gyðingaættum, leikari og forseti Úkraínu, hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Um daginn kom hann við á sýningu í kanadíska þinginu og hyllti þar, ásamt vini sínum og velgjörðamanni, Justin Trudeau, nærri aldargamlan stríðsmann úr hersveitum Úkraínumanna, sem í annarri heimstyrjöldinni frömdu fjöldamorð á Pólverjum – og ýmsum öðrum eins og rússneskum hermönnum og Gyðingum – jafnvel fólki af eigin stofni, sem þeim þótti of deigt við dráp og gripdeildir.

Heimsóknin í kanadíska þingið var upphafning fyrir úkraínska stríðsæsingamenn og Volodomyr persónulega, sárabót fyrir snautlegar móttökur hjá Sameinuðu þjóðunum og á þingi Bandaríkjanna. Þar á bæ stympast þingmenn við fleiri styrkum og lánum til manndrápa í landi hans.

Volodymyr var svo niðurdreginn, að nokkrir utanríkismálaráðherrar Natóríkja skruppu til Kænugarðs að hressa hann við. En það vantaði því miður faðmlög íslenska utanríkismálaráðherrans, sem breyta sorg í gleði.

Öðru máli gegnir um auðhringana. Stór hluti jarðnæðis hefur fyrir áeggjan Volodomyr verið þeim seldur. Uppskeran er að miklu leyti þeirra og útsæðið líka. Nú þrábiður Volodymyr vopnaframleiðendur heims um að gera heimaland hans að miðstöð vopnaframleiðslu og vopnaprófana. Í raun er hún það nú þegar.

Fyrir skemmstu hittust í Kænugarði 250 fulltrúar „varnariðnaðarins“ frá rúmlega 30 ríkjum (líklega flestir í sama varnarbandalagi og Íslendingar). Þeir hugsa sér áreiðanlega gott til glóðarinnar að mata krókinn á eldi, eimyrju og dauða eins og í fyrri styrjöldum. Meira að segja „friðsamar“ frænkur vorar í Noregi og Svíþjóð – þingkonur jafnvel – fitna eins og púkar á fjósbita, meðan fólki í Úkraínu blæðir og ungir karlmenn eru þurrkaðir út.

Sumir þeirra reyna þó að bera hönd yfir höfuð sér, flýja herkvaðningu eða fara með sparibauk ættingjanna og kaupa sig frá herþjónustu. En veiðimenn Volodymyr eru á hverju strái, góma þá og senda á vígvöllinn. En Rússar gefa þessum eymingjum grið, ef þeir kjósa að leggja niður vopn.

Eins og í fyrstu og annarri lotu heimstyrjaldarinnar er háð áróðursstríð. Caitlin Johnstone, hefur skrifað um það eftirtektarverða grein. Hún bendir t.d. á tíst leiðtogans, Volodymyr:

„Við höldum fyrstu ráðstefnu varnariðnaðarins í Úkraínu. Þar mættu fulltrúar fyrirtækja í varnariðnaði frá rúmlega 30 ríkjum í Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu og Ástralíu.“

Volodymyr segir eitthvað um það á torskiljanlegri ensku, að þar ráði ráðum sínum öflugustu vopnaframleiðendur veraldar og móti alþjóðlega varnavopnastaðla. Síðar segir hann:

„Um þessar mundir leggjum við drög að varnargetu fyrir Úkraínumenn – og þess vegna alls hins frjálsa heims – sem mun endurspegla styrk okkar.“

Í Bandaríkjunum er tekið undir. Í Wall Street Journal stendur strifað:

„Vopnaíðnaðurinn verndar Bandaríkin og bandamenn þeirra, vernda okkur frá grimmdarfjöndum, sem að öðrum kosti útrýma okkur eða hneppa í þrældóm.“

„Stríðið í Úkraínu er líka ógnarstór vopnasölusýning,“ er titill annarrar greinar um efnið.

Reuters segir frá annarri vopnasöluráðstefnu í Lundúnum: „Óttinn við allsherjarstríð er hvati til vopnakaupa á vopnasöluráðstefnu í Lundúnum,“ segir í þeirri fyrirsögn.

Bandaríski þingmaðurinn, Erin Burnett, útskýrir fyrir okkur, skilningssljóum aulunum, að útgjöld til hernaðar í Úkraínu séu af hinu góða fyrir skattgreiðendur í Bandaríkjunum, því þau renni til vopnaíðnaðarins. Her, vopnaframleiðsla og hermennska er mikilvægur atvinnuvegur þar um slóðir.

Málflutningurinn er sígildur. Hann hefur heyrst áður, áður en fyrsta og önnur lota heimstyrjaldarinnar brast á. Stríð var háð til að tryggja frið, réttlæti, frelsi og lýðræði.

Norski stríðshaukurinn og framkvæmdastjóri Nató, Jens Stoltenberg, hefur reyndar játað, að stríðið við Rússa – með Úkraínumenn að staðgenglum – hafi hafist 2014 (með stjórnarbyltingu Bandaríkjamanna, Nató og úkraínskra þjóðernissinna) og innrás Rússa vegna stækkunar Nató í austur.

Það er næsta ólíklegt, að Rússar láti hér við sitja. Upphaflega innrásin minnti eilítið á bardagaaðferðir frumbyggja Norður-Ameríku (og víðar), sem fólst í því að sýna styrk til að koma í veg fyrir blóðsúthellingar. Það tókst Rússum hins vegar ekki í Úkraínu sökum þrýstings úr Vestrinu. Þeir eru aftur á móti nú komnir í stríðsham.

Það er lítil von til þess, að Blackrock, JP Morgan Chase, Cargill, Dupont, Monsanto og fleiri, þ.m.t. vopnaframleiðendur, muni fá greiddan arð af útsölufjárfestingum sínum í

stríðshráðri Úkraínu, þegar þjóðin fellur að fótum Rússa – nema, að þessi þriðja lota heimstyrjaldar verði sú síðasta. Bandaríkjamenn (og Nató) gæla enn þá við hugmyndina um takmarkaða notkun kjarnorkuvopna til viðbótar beinni og óbeinni þátttöku á vígvellinum og hryðjuverkum á borð við sprengingu Eystasaltsgasleiðslanna og Kerch brúarinnar.

Samhliða áróðri fyrir gagnsemi vopnaframleiðslu í Úkraínu er hafinn áróður fyrir vopnaskaki gegn Kína. Kínadrekinn ku vera jafn grimmyndur og rússneski björninn – sem umbreyttist í grýlu á Íslandi. Báðir sitja þeir um lýðræðislegar friðarsálir í Vestrinu.

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/29/nato-admits-that-ukraine-war-is-the-war-of-nato-expansion/>

<https://johnhelmer.net/canada-and-the-nato-alliance-against-russia-hunker-down-to-defend-race-war-against-russia-the-new-evidence/>

<https://expose-news.com/2023/10/03/ukraine-will-unconditionally-surrender/>

<https://archive.vn/NtmaQ>

https://olatunander.substack.com/p/the-attack-on-nord-stream-a-short?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=137524580&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/09/rusland-har-vunnet-mer-territorium-i-ar-enn-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2023/10/01/all-honors-to-a-brave-dutch-woman-who-stands-for-humane-values-and-people-to-people-exchanges-with-russia-in-our-intolerant-times/>

https://rumble.com/v3lr7pd-breaking-ukrainian-forces-quitting-by-the-thousands-refusing-to-die-in-nato.html?fbclid=IwAR3LwC31Hcuod2e4UA9NBaHSsKrCO9tAuNU43JoQE_Pu0BOOJuS6KZPMQok

https://steigan.no/2023/10/europa-ei-jente-fra-vest-asia-voldtatt-igjen-av-en-amerikansk-okse/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.indianpunchline.com/war-fatigue-complicates-wests-aid-to-ukraine/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/10/01/congress-drops-ukraine-aid/>

<https://archive.vn/zB0SG>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/10/01/the-mad-propaganda-push-to-normalize-war-profiteering-in-ukraine/#>